



303. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 16:00. Fundurinn var haldinn í fundarsal E í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal en fundarmönnum var einnig boðið að taka þátt í fundinum á Microsoft Teams.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Knútur G. Hauksson, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Mætt á Teams: Dominiqua Alma Belányi, Ingi Þór Ágústsson, Úlfur H. Hróbjartsson og Þórey Edda Elísdóttir.

Forföll: Ása Ólafsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti áætlaða niðurstöðu reksturs ÍSÍ ársins 2020.

Hann fylgdi úr hlaði tillögu um framlag að upphæð 25 milljónir króna í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ til að mæta auknum kostnaði við viðhald Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal og framtíðar byggingaráformum. Þetta framlag skal fært í ársreikning 2020.

Tillagan samþykkt.

Gunnar sagði enn töluverða óvissu vera um kostnað vegna Ólympíuleikanna í Tókýó, sem halda átti árið 2020 en var frestað til ársins 2021. Samþykkt að niðurfæra fyrirframgreiddan kostnað vegna leikanna. Eftir er að útfæra niðurfærsluna í samráði við endurskoðanda ÍSÍ. Gjaldkera og framkvæmdastjóra er falinn frágangur málsins í samráði við forseta.

2. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir fór yfir helstu verkefni Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Ólympíuleikarnir í Tókýó

Mál eru aðeins farin að skýrast varðandi fyrirkomulagið í Tókýó. Ólympíuþorpið verður lokað fyrir alla aðra en keppendur og aðstoðarfólk þess. Keppendur mega koma inn í þorpið fimm dögum fyrir keppni og verða að yfirgefa þorpið eigi síðar en 48 tímum eftir að keppni þeirra lýkur.

Ólympíuhópur ÍSÍ hefur tekið einhverjum breytingum síðustu mánuði, af ýmsum ástæðum en reiknað er með 6-8 íslenskum keppendum á leikunum eins og staðan er.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar

Undirbúningur gengur vel í samstarfi við viðkomandi sérsambönd.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ og Afrekssjóður ÍSÍ funduðu saman nýlega, sjá fundargerð sem lögð er fram hér á fundinum.

3. Fagsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ skýrði frá innleiðingarferli á CANVAS menntunargáttinni. Starfsmenn ÍSÍ og fulltrúar þeirra sérsambanda sem nota ætla kerfið hafa setið námskeið undanfarnar vikur en enámskeiðshluti kerfisins er nánast tilbúinn.

Viðar fór yfir stöðu Erasmus+ verkefnis sem ÍSÍ er aðili að ásamt fleiri aðilum en verkefninu verður ýtt úr vör eftir páska.

Málþing um rafleiki er í fullum undirbúningi og standa upptökur á erindum fyrirlesara yfir þessa dagana. Í ljósi stöðu kórónuveirufaraldursins þá hefur verið ákveðið að málþingið verði fjarviðburður.

Búið er að gefa út bæklinginn Vertu með á enn fleiri tungumálum og einnig er búið að gefa út bæklinginn Íþróttir – barnsins vegna á ensku. Þessi útgáfa er liður í verkefni félags- og barnamálaráðuneytis um vitundarvakningu.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu tölfræði varðandi Lífshlaupið. Mikil fjölgun varð á þátttakendum í verkefninu sem má að einhverju leyti þakka nýju smáforriti sem tekið var í notkun fyrir skráningu hreyfingar.

Fundað hefur verið með íþróttahéruðum undanfarnar vikur um nýjar áherslur sviðsins í tengslum við almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ og aðkomu héraðanna að þeim.

Undirbúningur fyrir Hjólað í vinnuna er í fullum gangi.

4. Aðgerðarpakki stjórnvalda vegna COVID-19

Forseti skýrði frá því að úthlutað hafi verið úr almennum aðgerðum í síðustu viku að fengnu samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis og samkvæmt forsendum sem gefnar eru í viðaukasamningi ráðuneytisins, alls 300 milljónum króna.

Rafrænt samþykki framkvæmdastjórnar ÍSÍ um úthlutunina staðfest.

Lögð fram erindi frá nokkrum lögaðilum innan ÍSÍ er varða útreikninga og fyrirkomulag úthlutunarinnar. Skrifstofu falið að svara erindunum með tilvísun í þær forsendur sem notaðar voru við útreikninginn og koma fram í samningi ráðuneytis.

Bókaðar eru þakkir til forseta ÍSÍ, vinnuhóps ÍSÍ um aðgerðarpakka stjórnvalda og annarra sem komið hafa að málinu.

Endurgreiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna hafa gengið afar vel og eru bókaðar þakkir til Vinnumálastofnunar vegna þeirra aðkomu að málinu.

5. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir nýjustu sóttvarnareglurnar sem í gildi eru.

Eins og fram hefur komið í fréttum þá hafa kínversk stjórnvöld boðið bóluefni til allra ólympíunefnda en boðið er háð því að bóluefnið sé samþykkt í viðkomandi landi. Enn sem komið er þá hefur það ekki verið samþykkt í Evrópu.

6. 75. Íþróttaping ÍSÍ 2021

Rætt um fyrirkomulag þingsins. Stefnt er að því að halda þingið á boðaðri dagsetningu, 7. og 8. maí nk., en miðað við þær fjöldatakmörkanir sem nú eru í gildi má ætla að þingið verði haldið í gegnum fjarfundabúnað. Nánari tillaga að tilhögun verður til umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

Framkvæmdastjóri minnti fundarmenn á framboðsfrest vegna kjörs til stjórnar og tilmæli frá síðasta þingi um að þeir stjórnarmenn sem í kjöri eru láti vita með góðum fyrirvara hvort þeir hyggist bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarstarfa.

7. Ferðasjóður íþróttafélaga – 2020

Tillaga að úthlutun var samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ með rafrænum hætti 9. mars sl. Sú ákvörðun stjórnar er hér með staðfest formlega.

Úthlutað var úr sjóðnum 10. mars.

8. Íþróttir barna og ungmenna

Rætt um íþróttir barna og ungmenna í samhengi við yfirlýsingu sem ÍSÍ sendi frá sér í kjölfar sýningar heimildarmyndarinnar Hækkum rána. Yfirlýsingin er svohljóðandi:

ÁHERSLUR Í ÍÞRÓTTASTARFI BARNNA Á ÍSLANDI

Í ljósi umræðu í samfélaginu undanfarinna daga, í kjölfar sýningar á myndinni Hækkum rána, vill Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) koma eftirfarandi á framfæri.

Þátttaka barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi er mikil og almenn á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Íþróttafélögin standa fyrir metnaðarfullu starfi sem stýrt er af velmenntuðum þjálfurum sem fá greitt fyrir sín störf. Þar er pláss fyrir alla og börn og ungmenni hafa jafnan rétt til þess að stunda íþróttir og vera metin að eigin verðleikum. Uppbygging íþróttastarfsins á Íslandi, starfsemi íþróttafélaga og áherslur í starfi með börnum og unglungum hafa vakið athygli langt út fyrir landssteinana.

Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga var samþykkt á Íþróttapingi ÍSÍ árið 1996 og endurskoðuð á Íþróttapingi ÍSÍ árið 2015 og byggir á viðurkenndri þekkingu úr fræðasamfélaginu. Samhliða endurskoðun stefnunnar var gefinn út bæklingurinn Íþróttir barnsins vegna en þar eru tíunduð markmið með íþróttáþátttöku, leiðir, mælikvarði á árangur og keppni, verðlaun og viðurkenningar. Í stefnunni er mikil áhersla lögð á að íþróttir eigi að vera fyrir alla, þær þurfi að vera skemmtilegar og leikurinn skipi stóran sess. Árangur er hægt að mæla á ólíkan hátt, en auk sigra í keppnum, er aukin þátttaka, ánægja iðkenda og að halda iðkendum í starfinu einnig hluti af árangri.

Árið 2016 settu ÍSÍ og UMFÍ á laggirnar verkefnið Sýnum karakter en hugmyndafræði verkefnisins er að hægt sé að þjálfa sálræna og félagslega færni barna og unglunga til jafns við líkamlega færni í gegnum íþróttir. Helsta markmið verkefnisins hefur verið að hvetja þjálfara og íþróttafélög til að leggja enn meiri og markvissari áherslu á að byggja upp góðan karakter hjá iðkendum. Með þjálfun karaktars sinnir íþróttafélagið bæði uppeldishluta og afrekshluta íþróttastarfsins og góðir karakterar verða síðar góðir þjóðfélagsþegnar því að ekki verða allir landsliðsmenn í íþróttum.

Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur ýmis jákvæð áhrif á líðan og hegðun ungmenna. Börn og ungmenni sem taka þátt í formlegu íþróttastarfi fá útrás fyrir hreyfiförf sína og nota síður tóbak, áfengi eða önnur vímuefni. Jafnframt eru þau líklegri til að vera heilsuhaustari og líða betur andlega, líkamlega og félagslega heldur en þau börn sem taka ekki þátt í starfinu. Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur jákvæð áhrif á persónulega uppbyggingu og þroska einstaklinga. Börn og ungmenni læra síðferði, heiðarleika, virðingu, samvinnu, hollustu og skuldbindingu með því að taka þátt. Jafnframt læra

þau að takast á við sigra og töp, setja sér markmið, sýna vinnusemi og tillitsemi, vinna í hóp, virða skoðanir annarra og fara eftir reglum. Íþróttaiðkun ýtir líka undir mikilvæg gildi eins og liðsanda, einingu, umburðarlyndi og sanngjarnan leik.

Fyrir tveimur árum voru hegðunarviðmið ÍSÍ endurskoðuð en þau eru siðareglum ÍSÍ til stuðnings. Í hegðunarviðmiðum fyrir þjálfara er m.a. lögð áhersla á að bera virðingu fyrir mótherjum, foreldrum/forsjáraðilum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki og stuðla að því að iðkendur geri slíkt hið sama. Þar er einnig lögð áhersla á virðingu fyrir þjálfarastarfinu sjálfu með því að gera kröfur um málfar og hegðun og sýna íþróttinni og félaginu virðingu og virða reglur. ÍSÍ er mótfallið þjálfunaraðferðum sem stríða gegn reglum og viðmiðum íþróttahreyfingarinnar.

Almennar umræður urðu um eftirlitshlutverk hreyfingarinnar og mögulegar lausnir hvað það varðar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ leggur áherslu á öryggi iðkenda sinna og þá ekki síst börn og ungmenni í hreyfingunni. Fundarmenn voru sammála um að virkja þurfi betur lögbundið eftirlit íþróttahéraðanna og vinna að verkferlum þar að lútandi.

9. Rafleikir

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti með rafrænum hætti sameiginlega ábendingu ÍSÍ og UMFÍ um stöðu rafleikja í hreyfingunni. Hér með er ábendingin formlega bókuð og staðfest svohljóðandi:

ÁBENDING VARÐANDI RAFÍÞRÓTTIR/RAFLEIKI

Frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ)

Síðustu misseri hafa nokkur íþrótt- og ungmennafélög innan ÍSÍ og UMFÍ boðið félagsmönnum sínum upp á iðkun rafíþrótt/rafleikja innan starfsemi viðkomandi félaga. Þessi verkefni eru tiltölulega ný af nálinni innan samtakanna en á síðustu þingum þeirra beggja var lagt til að stofna vinnuhópa, sem þegar hefur verið gert, til þess að ná að ramma inn tilgang og markmið slíkrar starfsemi í samræmi við starf og gildi þeirra. Nýlega skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að móta stefnu með það að markmiði að efla umgjörð í kringum rafíþróttir/rafleiki og eiga ÍSÍ og UMFÍ fulltrúa í þeim hópi. Samtökin binda vonir til þess að sú vinna sem er í gangi muni varpa skýrara ljósi á málaflokkinn og í kjölfarið verði unnt að leggja tillögur fyrir þing beggja samtakanna og taka upplýsta ákvörðun um aðkomu aðildarfélaganna að rafíþróttum/rafleikjum til framtíðar. ÍSÍ og UMFÍ hvetja aðildarfélag sín að virða útgefin aldurstakmörk þeirra leikja sem spilaðir eru á vettvangi þeirra auk þess að tryggja að inntak leikjanna sé í samræmi við siðareglur og gildi viðkomandi félags og þeirra samtaka sem þau tilheyra.

Nokkrar umræður urðu um starf vinnuhóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um framtíðarstefnu í rafíþróttum og ýmis álitamál sem uppi eru um málefnið.

10. Frumvörp til laga

Forseti og framkvæmdastjóri kynntu eftirfarandi frumvörp til laga með tilliti til þess hvort að þörf er á umsoðn frá ÍSÍ um þau.

- Frumvarp til laga um almannaheillafélög. Forseti og framkvæmdastjóri skoða málið.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd, mál 585. Framkvæmdastjóri skoðar málið í samráði við Lyfjaeftirlit Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er talin ástæða til formlegrar umsagnar um málið.
- Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum. ÍSÍ hefur þegar sent inn umsögn um málið.

11. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti og formaður Heiðursráðs ÍSÍ fór yfir tillögur ráðsins um eftirfarandi:

a) Heiðranir á Íþróttþingi:

Tillaga ráðsins um að lögð verði fram tillaga á næstkomandi Íþróttþingi ÍSÍ um að útnefna eftirfarandi einstaklinga sem Heiðursfélaga ÍSÍ, sbr. lög ÍSÍ, samþykkt:

*Árni Þór Árnason,
Guðmund Ágúst Ingvarsson
Helgu Steinunni Guðmundsdóttur
Ingibjörgu Bergrós Jóhannesdóttur
Jón Gest Viggósson
Örn Andrésson*

Samþykkt að sæma eftirtalda einstaklinga Heiðurskrossi ÍSÍ á Íþróttþingi:

*Birnu Björnsdóttur
Engilbert Olgeirsson
Helgu Guðjónsdóttur
Valdimar Leó Friðriksson*

b) Tilnefning í Heiðurshöll ÍSÍ

Samþykkt að útnefna tvíburabræðurna Örn og Hauk Clausen, frjálsíþróttakappa, í Heiðurshöll ÍSÍ á næstkomandi Íþróttþingi. Þeir eru báðir látnir en fyrirkomulag afhendingar verður í samráði við fjölskyldur þeirra.

c) Aðrir viðburðir

Eftirfarandi heiðranir á öðrum viðburðum, svo sem á þingum sambandsaðila sem framundan eru, samþykktar:

Heiðurskross ÍSÍ:
*Dr. Ingimar Jónsson
Guðríður Adnegaard, formaður HSK*
Gullmerki ÍSÍ:
*Arnar Ólafsson, fráfarandi formaður FSÍ
Sigríður Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður BSÍ
Ingimar Ingimarsson, fyrrverandi formaður BTÍ
Guðbjört Erlendsdóttir, fyrrverandi formaður ÍSS
Ásdís Rósa Gunnarsdóttir, fyrrverandi formaður HNÍ
Hörður Helgason, fráfarandi varaformaður ÍA*

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 301. fundur framkvæmdastjórnar
- 3. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2021
- Sameiginlegur fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ frá 22. febrúar
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 18. mars
- 2. fundur laganefndar 2021 – Tillögur til afgreiðslu samþykktar, samkvæmt fundargerð.
- Heiðursráð ÍSÍ frá 15. Mars

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn 8. apríl á hefðbundnum tíma.

15. Önnur mál

Erindi Aþenu, íþróttafélags

Forseti skýrði frá erindi Aþenu, íþróttafélag þar sem fram kemur gagnrýni á afgreiðslu laga félagsins í kjölfar aðildarumsóknar félagsins að ÍBR. Farið var yfir ferli málsins og forseta og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu með hliðsjón af tímalínu ÍSÍ í málinu.

Samkomulag um styrk

Félags- og barnamálaráðuneytið veitti ÍSÍ styrk til að ráða starfsmann til 12 mánaða til að aðstoða áhugasöm sveitarfélög um land allt við að innleiða með markvissum hætti heilsueflingu til framtíðar sem felur í sér skipulagða þjálfun og auki heilsulæsi aldraðra með tilliti til hreyfingar, næringar og annarra þátta sem skipta sköpum fyrir heilsu þeirra og líðan. Lögð er áhersla á samstarf við Landssamband eldri borgara, félög eldri borgara á hverjum stað, íþróttafélög og líkamsræktarstöðvar. Styrkurinn er 15 m. kr. og lengd verkefnis er 12 mánuðir.

Nánari útfærsla verður kynnt síðar en verkefnið heyrir undir Almenningsíþróttasvið ÍSÍ.

Fundur með formanni og varaformanni JSÍ

Forseti skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með formanni og varaformanni Júdósambands Íslands um ásakanir fulltrúa íþróttafélags í garð stjórnarmanna sambandsins, sem um hefur verið fjallað í fjölmiðlum nýlega.

Skráningakerfi íþróttahreyfingarinnar

Úlfur H. Hróbjartsson spurðist fyrir um stöðu mála varðandi undirbúning nýs skráningakerfis hreyfingarinnar. Gunnar Bragason skýrði frá viðræðum við Sportabler/Nóra varðandi málið en ekki hefur verið gengið frá neinum samningum þar að lútandi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.